

AUGLÝSING

um samning um stofnun Rannsóknastofu Evrópu í sameindalíffræði.

Hinn 26. febrúar 2007 var ríkisstjórn Sviss afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um stofnun Rannsóknastofu Evrópu í sameindalíffræði sem gerður var í Genf 10. maí 1973. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar hinn 26. febrúar 2007.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR****um stofnun Rannsóknastofu Evrópu í sameindalíffræði.**

Lýðveldið Austurríki, Konungsríkið Danmörk, Lýðveldið Frakkland, Konungsríkið Holland, Ísraelsríki, Lýðveldið Ítalía, Hið sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Ríkja-sambandið Sviss, Konungsríkið Svíþjóð, Sambandslýðveldið Þýskaland

sem eru aðilar að samningnum um stofnun Sameindalíffræðiþings Evrópu (European Molecular Biology Conference, EMBC) (hér á eftir nefnt „sameindalíffræðiþingið“, sem undirritaður var í Genf 13. febrúar 1969,

HAGA Í HUGA að efla ber núverandi alþjóðasamstarf á sviði sameindalíffræði með því að stofna Rannsóknastofu Evrópu í sameindalíffræði og hafa hliðsjón af tillögum sem Samtök sameindalíffræðinga í Evrópu (European Molecular Biology Organisation, EMBO) (hér á eftir nefnd „sam-tökin“) settu fram í þessu skyni,

MEÐ HLIÐSJÓN AF ákvörðuninni frá 28. júní 1972 þar sem sameindalíffræðiþingið samþykkti verkefnið varðandi rannsóknastofu af þessu tagi í samræmi við 3. mgr. II. gr. fyrrnefnds samnings sem heimilar að stofnað sé til sérstakra verkefna,

ÓSKA ÞESS að tilgreina skilmála og skilyrði sem sett verða um stofnun og rekstur rannsóknastofunnar þannig að þau verði ekki fyrir áhrifum vegna breytinga á samningnum um stofnun sameindalíffræðiþingsins,

MEÐ HLIÐSJÓN af því að sameindalíffræðiþingið hefur staðfest þau ákvæði þessa samnings sem varða það,

HAGA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

I. gr.

Stofnun rannsóknastofunnar.

1. Rannsóknastofa Evrópu í sameindalíffræði (hér á eftir nefnd „rannsóknastofan“) er hér með stofnuð og er milliríkjastofnun.
2. Aðalstöðvar rannsóknastofunnar eru í Heidelberg í Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

II. gr.

Markmið og leiðir.

1. Rannsóknastofan skal stuðla að samstarfi milli Evrópuríkja um grunnrannsóknir, þróun nýs tækjabúnaðar og kennslu á æðra stigi í sameindalíffræði, svo og á öðrum sviðum rannsókna sem tengjast þessum sviðum náð, og í þessu skyni skal hún einkum beita sér fyrir starfsemi sem fer að öllu jöfnu ekki fram eða sem er erfitt að stunda hjá stofnunum í ríkjunum. Niðurstöður tilrauna og fræðilegs starfs á vegum rannsóknastofunnar skulu birtar eða gerðar almennt aðgengilegar á annan hátt.
2. Í því skyni að ná markmiðum sínum skal rannsóknastofan setja fram áætlun þar sem kveðið er á um:
 - a) notkun hugtaka og aðferða í sameindalíffræði við rannsóknir á líffræðilegum grunnferlum,
 - b) þróun og notkun nauðsynlegs tækjabúnaðar og tækni,
 - c) vinnuaðstöðu og rannsóknarbúnað fyrir gestavísindamenn,
 - d) þjálfun og kennslu á æðra stigi.
3. Rannsóknastofan getur komið á fót og rekið þá aðstöðu sem er nauðsynleg fyrir áætlun hennar. Til rannsóknastofunnar skal telja:
 - a) nauðsynlegan búnað til að rannsóknastofan geti framfylgt áætluninni,
 - b) nauðsynlegar byggingar undir búnað, sem um getur í a-lið hér að framan, fyrir yfirstjórn rannsóknastofunnar og til að sinna annarri starfsemi hennar.

4. Rannsóknastofan skal skipuleggja og styðja alþjóðlegt samstarf eins og framast er kostur á þeim sviðum og í þeim áætlunum sem skilgreindar eru í 1. og 2. mgr. þessarar greinar og í samræmi við almenna áætlun sameindalíffræðisins. Þetta samstarf skal einkum stuðla að því að koma á samskiptum milli vísindamanna, sem og skiptum á vísindamönnum, og stuðla að miðlun upplýsinga. Svo fremi það samræmist markmiðum rannsóknastofunnar skal hún einnig leitast við að starfa eftir því sem framast er kostur með öðrum rannsóknastofnunum og veita þeim ráðgjöf. Rannsóknastofan skal forðast tvíverknað ef um er að ræða starf sem hefur þegar verið unnið hjá fyrrnefndum stofnunum.

III. gr.

Aðild.

Ríki, sem eiga aðild að þessum samningi, eru aðildarríki rannsóknastofunnar.

IV. gr.

Samstarf.

1. Rannsóknastofan skal starfa náið með sameindalíffræðisþinginu.
2. Rannsóknastofan getur komið á formlegu samstarfi við ríki, sem eru ekki aðildarríki, við aðila innan þessara ríkja, svo og opinberar stofnanir, frjáls félagasamtök og óopinberar stofnanir. Ráðið skal ákveða upphaf slíks samstarfs og skilyrði þess og skilmála í hverju tilviki fyrir sig og eftir kringumstæðum með samhljóða atkvæðum fulltrúa aðildarríkjanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.

V. gr.

Stjórn.

Ráðið og framkvæmdastjórnin fara með stjórn rannsóknastofunnar.

VI. gr.

Ráðið.

Skipan.

1. Ráðið skal skipað fulltrúum allra ríkja sem eiga aðild að rannsóknastofunni. Eigi fleiri en tveir fulltrúar skulu koma fram fyrir hönd hvers aðildarríkis og þeir geta haft ráðgjafa sér til fylgdar. Ráðið velur sér formann og tvo varaformenn sem gegna starfinu til eins árs og geta hlotið endurkjör, þó ekki oftari en tvisvar í röð.

Áheyrnarfulltrúar.

2. a) Ríki, sem eru ekki aðilar að samningi þessum, geta sótt fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúar sem hér segir:
 - i. aðilar sameindalíffræðisins, sem eiga til þess rétt,
 - ii. ríki sem eiga ekki aðild að sameindalíffræðisþinginu, samkvæmt ákvörðun ráðsins sem er tekin með samhljóða atkvæðum fulltrúa aðildarríkjanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.
- b) Samtök sameindalíffræðinga í Evrópu og aðrir áheyrnarfulltrúar geta sótt fundi ráðsins í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem ráðið samþykkti skv. j-lið 3. mgr. þessarar greinar.

Valdsvið.

3. Ráðið skal:
 - a) marka stefnu rannsóknastofunnar í málefnum á sviði vísinda, tækni og stjórnsýslu, einkum með því að veita framkvæmdastjóranum leiðsögn,
 - b) samþykkja leiðbeinandi skipulag vegna framkvæmdar áætlunarinnar, sem um getur í 2. mgr. II. gr. þessa samnings, og tilgreina gildistíma hennar. Við samþykkt þessa skipulags skal ráðið ákveða með samhljóða atkvæðum fulltrúa aðildarríkjanna, sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, lágmarkstíma þátttöku í fyrrgreindri áætlun og hámarksútgjöld sem heimilt er að verja eða gera skuldbindingar um á viðkomandi tímabili. Hvorki má breyta þessu tímabili né þessari fjárhæð nema ráðið ákveði það með samhljóða atkvæðum fulltrúa aðildarríkjanna sem

eru viðstaddir og greiða atkvæði. Að liðnu fyrrgreindu tímabili skal ráðið ákvarða á sama hátt hámarksútgjöld á nýju tímabili sem ráðið skilgreinir,

- c) samþykkja árlega fjárhagsáætlun með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra aðildarríkja sem eru viðstödd og greiða atkvæði að því tilskildu að framlög þeirra aðildarríkja nemi ekki minna en tveimur þriðju af heildarframlögum í fjárhagsáætlun rannsóknastofunnar eða að öll aðildarríki, sem eru viðstödd og greiða atkvæði, greiði atkvæði með tillögunni að einu aðildarríki undanskildu,
 - d) samþykkja bráðabirgðaáætlun um útgjöld næstu tveggja ára með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra aðildarríkja sem eru viðstödd og greiða atkvæði,
 - e) samþykkja fjárhagsreglugerðir fyrir rannsóknastofuna með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra aðildarríkja sem eru viðstödd og greiða atkvæði,
 - f) samþykkja og birta endurskoðaða ársreikninga,
 - g) samþykkja ársskýrsluna sem framkvæmdastjórinn leggur fram,
 - h) taka ákvörðun um ráðningu þeirra starfsmanna sem þörf er á,
 - i) samþykkja starfsmannareglur með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra aðildarríkjanna,
 - j) taka ákvörðun með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra aðildarríkja sem eru viðstödd og greiða atkvæði um stofnun hópa og starfsstöðva rannsóknastofunnar utan aðalstöðvanna,
 - k) setja sér starfsreglur,
 - l) hafa valdsvið af öðru tagi og reka aðra starfsemi sem getur reynst nauðsynleg vegna starfsemi rannsóknastofunnar eins og mælt er fyrir um í þessum samningi.
4. Ráðið getur breytt áætluninni sem um getur í 2. mgr. II. gr. þessa samnings með ákvörðun sem er tekin með samhljóða atkvæðum þeirra aðildarríkja sem eru viðstödd og greiða atkvæði.

Fundir.

5. Ráðið skal koma saman a.m.k. einu sinni á ári á reglulegum fundi. Það getur enn fremur komið saman á aukafundi. Fundirnir skulu haldnir í aðalstöðvum rannsóknastofunnar nema ráðið ákveði annað.

Atkvæðagreiðsla.

6. a) i. Hvert aðildarríki fer með eitt atkvæði í ráðinu.
- ii. Ríki, sem hafa undirritað samninginn en ekki fullgilt hann, staðfest eða samþykkt, geta átt fulltrúa á fundum ráðsins og tekið þátt í starfi þess, án þess að hafa rétt til að greiða atkvæði, um tveggja ára skeið eftir gildistöku þessa samnings í samræmi við a-lið 4. mgr. XV. gr.
- iii. Aðildarríki, sem er í vanskilum með greiðslu framlags síns, hefur ekki atkvæðisrétt á neinum fundum ráðsins þar sem framkvæmdastjórinn lýsir yfir því að fjárhæð vanskilanna sé jöfn eða meiri en sem nemur fjárhæð ógreidds framlags þess næstliðin tvö fjárhagsár.
- b) Ef annað er ekki tekið sérstaklega fram í þessum samningi skulu ákvarðanir ráðsins teknar með meirihluta atkvæða þeirra aðildarríkja sem eru viðstödd og greiða atkvæði.
- c) Nauðsynlegt er að meirihluti fulltrúa aðildarríkjanna sé viðstaddur til þess að sérhver fundur ráðsins teljist ákvörðunarbær.

Undirskipaðir aðilar.

7. a) Ráðið skal koma á fót, með ákvörðun sem tekin er af tveimur þriðju hlutum atkvæða aðildarríkjanna, vísindalegri ráðgjafanefnd, fjármálanefnd og öðrum undirskipuðum aðilum eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast.
- b) Ákvörðunin um að koma á fót vísindalegri ráðgjafanefnd skal taka til ákvæða um aðild að henni, hvernig nefndarmönnum er skipt út og um verksvið nefndarinnar í samræmi við VIII. gr. þessa samnings og þar skal ákvarða skipunartíma nefndarmanna.
- c) Ákvörðunin um að koma á fót fjármálanefnd og öðrum undirskipuðum aðilum skal fela í sér ákvæði um skipan og starfslýsingu fyrir slíka aðila.
- d) Undirskipaðir aðilar setja sér starfsreglur.

VII. gr.

Framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn.

1. a) Ráðið skal tilnefna, með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra aðildarríkjanna, framkvæmdastjóra til tiltekins tíma og það getur vikið honum úr starfi með sama meirihluta.
- b) Ráðinu er heimilt að fresta tilnefningu framkvæmdastjórans, svo lengi sem þurfa þykir, komi til þess að staðan losni. Í slíku tilviki skal ráðið tilnefna mann í hans stað sem hefur það valdsvið og ber þá ábyrgð sem ráðið ákveður.
2. Framkvæmdastjórinn er æðsti yfirmaður rannsóknastofunnar og lagalegur fyrirvarismaður hennar.
3. a) Framkvæmdastjórinn leggur fyrir ráðið:
 - i. drög að leiðbeinandi skipulaginu sem um getur í b-lið 3. mgr. VI. gr. þessa samnings,
 - ii. fjárhagsáætlunina og bráðabirgðaáætlunina sem kveðið er á um í c- og d-lið í 3. mgr. VI. gr. þessa samnings,
 - iii. endurskoðaða ársreikninga og ársskýrsluna sem kveðið er á um í f- og g-lið 3. mgr. VI. gr. þessa samnings.
- b) Framkvæmdastjórinn skal senda sameindalíffræðiþinginu ársskýrsluna, sem ráðið hefur samþykkt í samræmi við g-lið 3. mgr. VI. gr. þessa samnings, til umfjöllunar.
4. Framkvæmdastjórinn skal njóta aðstoðar þeirra starfsmanna á sviði vísinda, tækni, stjórnsýslu og skrifstofuhalds sem ráðið veitir leyfi fyrir.
5. Framkvæmdastjórinn annast ráðningar og uppsagnir starfsmanna. Ráðið samþykkir ráðningu og uppsögn yfirmanna eins og fjallað er um þau mál í starfsmannareglum. Allar ráðningar og brottvikningar skulu vera í samræmi við starfsmannareglurnar. Þeim sem boðið er að starfa hjá rannsóknastofunni en eru ekki í hópi starfsmanna hennar skulu heyra undir framkvæmdastjóran og sæta þeim almennu skilyrðum sem ráðið kann að samþykkja.
6. Hvert aðildarríki skal, að því er rannsóknastofuna varðar, virða eðli þeirrar ábyrgðar sem framkvæmdastjórinn og starfsmenn bera, en hún er strangt til tekið alþjóðleg í eðli sínu. Þegar þeir rækja skyldur sínar skulu þeir hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá neinu aðildarríki, neinni ríkisstjórn eða öðru stjórnvaldi utan rannsóknastofunnar.

VIII. gr.

Vísindaleg ráðgjafarnefnd.

1. Vísindalega ráðgjafarnefndin, sem komið er á fót í samræmi við 7. mgr. VI. gr. þessa samnings, skal vera ráðinu til ráðgjafar, einkum að því er varðar tillögur framkvæmdastjórans um framkvæmd áætlunar rannsóknastofunnar.
2. Nefndin skal skipuð vísindamönnum í fremstu röð sem eru valdir vegna eigin verðleika en ekki sem fulltrúar aðildarríkjanna. Nefndarmenn skulu valdir úr hópi vísindamanna af mörgum vísindasviðum, sem skipta máli, í því skyni að spanna eins og framast er kostur bæði svið sameindalíffræði og önnur viðeigandi svið vísinda. Framkvæmdastjórinn skal, að höfðu tilhlýðilegu samráði einkum við ráð samtakanna og viðeigandi stofnanir í aðildarríkjunum, leggja fram fyrir ráðið skrá yfir þá sem koma til álita og ráðið skal taka afstöðu til við val á nefndarmönnum.

IX. gr.

Fjárhagsáætlun.

1. Fjárhagsárið stendur frá 1. janúar til 31. desember.
2. Framkvæmdastjórinn skal, eigi síðar en 1. október ár hvert, leggja fyrir ráðið til umfjöllunar og samþykktar fjárhagsáætlun sem sýnir nákvæma áætlun á tekjum og útgjöldum rannsóknastofunnar á næsta fjárhagsári.
3. Rannsóknastofan skal fjármögnuð með:
 - a) fjárframlögum aðildarríkjanna,
 - b) gjöfum af öllu tagi, sem aðildarríkin leggja fram til viðbótar við fjárframlög þeirra, nema ráðið ákveði, með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra aðildarríkja sem eru viðstödd og greiða atkvæði, að slíkar gjafir brjóti í bága við markmið rannsóknastofunnar og

- c) hvers kyns öðru fjármagni, einkum gjöfum sem einkareknar stofnanir eða einstaklingar gefa, með fyrirvara um samþykki ráðsins fyrir móttöku þeirra, veitt með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra aðildarríkja sem eru viðstödd og greiða atkvæði.
- 4. Fjárhagsáætlun rannsóknastofunnar skal gefin upp í bókhaldseiningum sem svara til þyngdar 0,88867088 gramma af hreinu gulli.

X. gr.

Framlög og endurskoðun.

1. Hvert aðildarríki skal leggja fram árlega til fjárfestingaútgjalda og rekstrarútgjalda rannsóknastofunnar á yfirstandandi tímabili heildarfjárhæð í skiptanlegum gjaldmiðli í samræmi við skrá yfir hlutdeild framlaga sem ráðið skal ákveða á þriggja ára fresti með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra aðildarríkjana og byggist á hreinum meðalþjóðartekjum, á þáttavirði, hvers aðildarríkis næstliðin þrjú almanaksár sem tölfræðilegar upplýsingar liggja fyrir um.
2. Ráðið getur ákveðið, með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra aðildarríkjana, að taka tillit til sérstakra kringumstæðna í aðildarríki og breyta framlagi þess til samræmis við þær. Þegar þessu ákvæði er beitt skal hugtakið „sérstakar kringumstæður“ einkum fela í sér aðstæður þar sem þjóðartekjur aðildarríkis á íbúa eru undir fjárhæð sem ráðið fastsetur með tveimur þriðju hlutum atkvæða eða aðstæður þar sem aðildarríki er gert að leggja fram meira en 30% af heildarfjárhæð áætlaðra framlaga ráðsins í samræmi við skrá yfir hlutdeild sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.
3. a) Ríki, sem gerast aðilar að þessum samningi eftir 31. desember eftir að hann öðlast gildi, skulu leggja fram sérstakt framlag til að mæta fjárfestingaútgjöldum sem rannsóknastofan hefur þegar stofnað til, til viðbótar við framlag til fjárfestingaútgjalda í framtíðinni og rekstrarútgjalda á yfirstandandi tímabili. Ráðið fastsetur fjárhæð þessa sérstaka framlags með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra aðildarríkja.
- b) Öll framlög, sem lögð eru fram í samræmi við ákvæði a-liðar þessarar málsgreinar, skulu notuð til að minnka framlög annarra aðildarríkja nema ráðið ákveði annað með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra aðildarríkja.
4. Ef ríki gerist aðili að þessum samningi, eftir að hann hefur öðlast gildi, eða það hættir að vera aðili að honum skal breyta skránni yfir hlutdeild framlaga sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Nýja skráin yfir hlutdeild framlaga öðlast gildi frá og með upphafi næsta fjárhagsárs.
5. Framkvæmdastjórinn skal tilkynna aðildarríkjunum um fjárhæð árlegs framlags þeirra og, í samráði við fjármálanefndina, hvenær greiða beri framlagið.
6. Framkvæmdastjórinn skal halda nákvæmt bókhald yfir allar inngreiðslur og útgjöld.
7. Ráðið skal tilnefna endurskoðendur sem yfirfara reikninga rannsóknastofunnar. Endurskoðendurnir skulu leggja skýrslu um ársreikninga fyrir ráðið.
8. Framkvæmdastjórinn skal veita endurskoðendunum þær upplýsingar og þá aðstoð sem þeim er nauðsynleg svo þeir geti gegnt skyldustörfum sínum.

XI. gr.

Réttarstaða.

Rannsóknastofan skal hafa réttarstöðu lögaðila. Hún skal einkum hafa lagaheimild til að gera samninga, afla fasta- og lausafjármuna og ráðstafa þeim og til að höfða mál fyrir dómstólum. Ríkið, þar sem rannsóknastofan hefur aðsetur, skal gera við hana samning, sem ráðið skal samþykkja með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra aðildarríkjana, um höfuðstöðvarnar varðandi stöðu rannsóknastofunnar og þau forréttindi og friðhelgi sem rannsóknastofan og starfsmenn hennar njóta og eru nauðsynleg til að markmiðum hennar verði náð og til að hún geti sinnt störfum sínum.

XII. gr.

Lausn deilumála.

Hvers kyns ágreiningur milli tveggja eða fleiri aðildarríkja, sem varðar túlkun eða beitingu þessa samnings og verður ekki leystur með sáttaumleitunum ráðsins, skal, að beiðni einhvers deiluaðila, lagður fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag, nema viðkomandi aðildarríki fallist á aðra aðferð við lausn

ágreiningarsins innan þriggja mánaða frá þeim degi sem forseti ráðsins lýsir yfir því að ágreiningurinn verði ekki leystur með sáttumleitunum ráðsins.

XIII. gr.

Breytingar.

1. Tillaga aðildarríkis að breytingu á þessum samningi skal sett á dagskrá fyrsta, reglulega fundar ráðsins eftir að framkvæmdastjórinn hefur fengið tillöguna í hendur. Tillögu af þessu tagi má einnig taka fyrir á aukafundi.
2. Allar breytingar á þessum samningi krefjast samhljóða samþykkis aðildarríkjanna. Þau skulu tilkynna ríkisstjórn Sviss samþykki sitt skriflega.
3. Breytingar öðlast gildi þrjátíu dögum eftir afhendingu síðustu, skriflegu tilkynningarinnar um samþykki.

XIV. gr.

Niðurlagning.

Rannsóknastofan skal lögð niður verði aðildarríkin einhvern tíma færri en þrjú. Með fyrirvara um hvers kyns samning, sem aðildarríkin kunna að gera með sér þegar rannsóknastofan er lögð niður, skal ríkið, þar sem höfuðstöðvar rannsóknastofunnar eru, bera ábyrgð á félagsslitunum. Hafi aðildarríkin ekki ákveðið annað skal því sem eftir stendur skipt milli þeirra ríkja sem eiga aðild að rannsóknastofunni þegar hún er lögð niður, í hlutfalli við allar greiðslur sem þau hafa innt af hendi. Ef um skuldir er að ræða skulu fyrrgreind aðildarríki taka þær á sig í sömu hlutföllum og sem nemur áætluðum framlögum þeirra fyrir yfirstandandi fjárhagsár.

XV. gr.

Undirskrift, fullgilding, aðild, gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki sameindalíffræðiþingsins til þess dags er hann öðlast gildi í samræmi við a-lið 4. mgr. þessarar greinar.
2. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildinguna, staðfestingu eða samþykki. Viðeigandi skjöl skulu afhent ríkisstjórn Sviss til vörslu.
3.
 - a) Öll aðildarríki sameindalíffræðiþingsins, sem eru ekki undirritunaraðilar þessa samnings, geta gerst aðilar hvenær sem er síðar.
 - b) Ef samningnum um stofnun sameindalíffræðiþingsins er sagt upp útilokar það ekki ríki frá því að gerast aðili að þessum samningi hafi það áður verið aðili að honum eða hafi ákvörðun verið tekin gagnvart því ríki um að því sé heimil aðild skv. 2. mgr. III. gr. fyrrnefnds samnings.
 - c) Aðildarskjölin skulu afhent ríkisstjórn Sviss til vörslu.
4.
 - a) Samningur þessi öðlast gildi þegar meirihluti ríkjanna, sem nefnd eru í inngangsorðum þessa samnings, þ.m.t. ríkið þar sem aðsetur höfuðstöðvanna er, hafa fullgilt hann, staðfest eða samþykkt, og með því skilyrði að heildarframlög þessara ríkja svari a.m.k. til 70% heildarframlaganna sem tilgreind eru í skránni yfir hlutdeild framlaga í viðaukanum við þennan samning.
 - b) Þegar þessi samningur hefur öðlast gildi eins og kveðið er á um í a-lið 4. mgr. þessarar greinar skal hann öðlast gildi, að því er varðar sérhvert undirritunarríki sem fullgildir hann síðar, staðfestir eða samþykkir, þann dag sem skjöl um fullgildinguna hans, staðfestingu eða samþykki eru afhent til vörslu.
 - c) Samningur þessi öðlast gildi að því er varðar öll inngönguríki hans þann dag sem aðildarskjalið er afhent til vörslu.
 - d)
 - i. Samningur þessi skal í fyrstu gilda til sjö ára. Síðan gildir hann í ótiltekinn tíma nema ráðið ákveði, eigi síðar en einu ári áður en sjö ára tímabilinu lýkur, með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra aðildarríkjanna, að því tilskildu að framlög þeirra aðildarríkja svari ekki til minna en tveggja þriðju hluta af heildarframlögum til fjárhagsáætlunar rannsóknastofunnar, að lengja gildistíma þessa samnings um tiltekinn tíma eða fella hann úr gildi.
 - ii. Falli samningurinn um stofnun sameindalíffræðiþingsins úr gildi hefur það ekki áhrif á gildi þessa samnings.

XVI. gr.

Uppsögn.

1. Er samningur þessi hefur verið í gildi í sex ár getur ríki, sem er aðili að honum og með fyrirvara um ákvæði b-liðar 3. mgr. VI. greinar þessa samnings, sagt honum upp með því að senda ríkisstjórn Sviss tilkynningu þess efnis. Uppsögnin tekur þá gildi í lok næsta fjárhagsárs.
2. Standi aðildarríki ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi er heimilt að svipta það aðild sinni með ákvörðun ráðsins sem tekin er með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórinn sendir undirritunarríkjum og inngönguríkjum tilkynningu um ákvörðun af þessu tagi.

XVII. gr.

Tilkynningar og skráning.

1. Ríkisstjórn Sviss sendir undirritunar- og inngönguríkjum tilkynningu um:
 - a) allar undirritanir,
 - b) afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, til vörslu,
 - c) gildistöku þessa samnings,
 - d) sérhvert skriflegt samþykki fyrir breytingum sem eru tilkynntar skv. 3. mgr. XIII. gr. þessa samnings,
 - e) gildistöku sérhverrar breytingar,
 - f) allar uppsagnir á þessum samningi.
2. Ríkisstjórn Sviss skal, við gildistöku þessa samnings, skrá hann hjá aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í samræmi við 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

XVIII. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Fyrir tímabilið frá gildistöku þessa samnings til 31. desember sama árs skal ráðið gera fjárhagslegar ráðstafanir og mæta útgjöldum með framlögum aðildarríkjanna sem eru fastsett í samræmi við eftirfarandi tvær málsgreinar.
2. Ríki, sem eru aðilar að þessum samningi þegar hann öðlast gildi, og ríki sem kunna að gerast aðilar að honum fram til 31. desember sama árs, skulu í sameiningu bera allan kostnað sem fellur til vegna þeirra fjárhagslegu ráðstafana sem ráðið kann að samþykkja í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.
3. Framlög ríkjanna, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skulu fastsett til bráðabirgða eftir því sem þörf krefur og í samræmi við 1. og 2. mgr. X. gr. þessa samnings. Við lok þess tímabils, sem er tilgreint í 1. mgr. þessarar greinar, skal endanleg skipting milli ríkjanna á kostnaði fara fram á grundvelli raunverulegra útgjalda. Sé um umframingreiðslu ríkis að ræða, sem er yfir þeirri fjárhæð sem því bar endanlega að greiða, skal hún færð því til tekna.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Genf 10. maí 1973 á ensku, frönsku og þýsku, og eru allir textarnir þrír jafngildir, í einu frumriti sem skal afhent til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Sviss sem skal senda öllum undirritunar- og inngönguríkjum staðfest afrit.

VIÐAUKI
við samninginn um stofnun Rannsóknastofu Evrópu í sameindalíffræði.

Skrá yfir hlutdeild framlaga sem eru reiknuð út frá meðalþjóðartekjum, 1968–1970, eins og þær eru birtar af hálfu Sameinuðu þjóðanna.

Skráin yfir hlutdeild er eingöngu birt hér vegna a-liðar 4. mgr. XV. gr. þessa samnings. Hún hefur engin áhrif á þær ákvarðanir sem ráðið verður að taka skv. 1. mgr. X. gr. varðandi hlutdeild framlaga í framtíðinni.

	%
Austurríki	2,063
Danmörk	2,282
Frakkland	22,585
Holland	4,916
Ísrael	0,804
Ítalía	14,572
Sambandslýðveldið Þýskaland	25,926
Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands	18,508
Svíþjóð	5,039
Sviss	<u>3,305</u>
	100,000

AGREEMENT
establishing the European Molecular Biology Laboratory

The Republic of Austria, The Kingdom of Denmark, The French Republic, The Federal Republic of Germany, The State of Israel, The Italian Republic, The Kingdom of The Netherlands, The Kingdom of Sweden, The Swiss Confederation, The United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland,

being Parties to the Agreement establishing the European Molecular Biology Conference (hereinafter referred to as "EMBC"), signed at Geneva on 13 February 1969;

CONSIDERING that the existing international co-operation in the domain of molecular biology should be further developed by establishing a European Molecular Biology Laboratory and taking note of the proposals to this end submitted by the European Molecular Biology Organisation (hereinafter referred to as "EMBO");

HAVING REGARD to the decision of 28 June 1972 by which EMBC approved the project for such a Laboratory in accordance with paragraph 3 of Article II of the said Agreement under which Special Projects may be established;

DESIRING to specify the terms and conditions under which the Laboratory shall be established and operated, in such a way that they would not be affected by any modification of the Agreement establishing EMBC;

TAKING NOTE of the acceptance by EMBC of those provisions of this Agreement which concern it;

HAVE AGREED as follows:

Article I

Establishment of the Laboratory

- 1 A European Molecular Biology Laboratory (hereinafter referred to as "the Laboratory") is hereby established as an intergovernmental institution.
2. The Headquarters of the Laboratory shall be situated at Heidelberg in the Federal Republic of Germany.

Article II

Purposes and means

1. The Laboratory shall promote co-operation among European States in fundamental research, in the development of advanced instrumentation and in advanced teaching in molecular biology as well as in other areas of research essentially related thereto, and to this end shall concentrate its activities on work not normally or easily carried out in national institutions. The results of the experimental and theoretical work of the Laboratory shall be published or otherwise made generally available.
2. In order to fulfil its purposes the Laboratory shall carry out a programme which provides for:
 - a) the application of molecular concepts and methods for the investigation of basic biological processes;
 - b) the development and use of necessary instrumentation and technology;
 - c) working accommodation and research facilities for visiting scientists;
 - d) advanced training and teaching.
3. The Laboratory may establish and operate the facilities necessary for its programme. The Laboratory shall include:
 - a) the necessary equipment for use in the programme carried out by the Laboratory;
 - b) the necessary buildings to contain the equipment referred to in a) above and for the administration of the Laboratory and the fulfilment of its other functions.

4. The Laboratory shall organise and sponsor international co-operation, to the fullest possible extent, in the fields and programme of activities defined in paragraphs (1) and (2) of this Article, and in harmony with the General Programme of EMBC. This co-operation shall include in particular the promotion of contacts between, and the interchange of, scientists and the dissemination of information. So far as is consistent with its aims the Laboratory shall also seek to co-operate, to the fullest possible extent, with research institutions by collaborating with and advising them. The Laboratory should avoid duplication of work carried out in the said institutions.

Article III
Membership

The States Parties to this Agreement shall be Member States of the Laboratory.

Article IV
Co-operation

1. The Laboratory shall maintain close co-operation with EMBC.
2. The Laboratory may establish formal co-operation with non-Member States, national bodies in those States, international governmental or non-governmental organisations. The establishment, conditions and terms of such co-operation shall be defined by the Council, by unanimous vote of the Member States present and voting, in each case according to the circumstances.

Article V
Organs

The organs of the Laboratory are the Council and the Director-General.

Article VI
The Council

Composition

1. The Council shall be composed of all Member States of the Laboratory. Each Member State shall be represented by not more than two delegates, who may be accompanied by advisers. The Council shall elect a Chairman and two Vice-chairmen who shall hold office for one year and may be re-elected on not more than two consecutive occasions.

Observers

2. a) States not Parties to this Agreement may attend sessions of the Council as observers as follows:
 - i. Members of EMBC as of right;
 - ii. States which are not Members of EMBC, on a decision of the Council taken by unanimous vote of the Member States present and voting.
- b) EMBO and other observers may attend sessions of the Council in accordance with the Rules of Procedure adopted by the Council under paragraph (3) j) of this Article.

Powers

3. The Council shall:
 - a) determine the Laboratory's policy in scientific, technical and administrative matters, in particular by giving guidelines to the Director-General;
 - b) approve an indicative scheme for the realisation of the programme referred to in paragraph (2) of Article II of this Agreement and specify its duration. In approving this scheme, the Council shall determine, by unanimous vote of the Member States present and voting, a minimum period of participation in the said programme and maximum credits that may be committed or spent during that period. This period and this amount may not be varied thereafter, unless the Council by unanimous vote of the Member States present and voting so decides. After the expiry of the said period the Council shall determine in the same manner the maximum credits for a new period to be defined by the Council;

- c) adopt the annual budget by a two-thirds majority of the Member States present and voting provided that, either the contributions of such Member States constitute not less than two-thirds of the total contributions to the Laboratory budget, or that affirmative votes are cast by all but one of the Member States present and voting;
 - d) approve the provisional estimate of expenditure for the two following years by a two-thirds majority of the Member States present and voting;
 - e) adopt Financial Regulations for the Laboratory by a two-thirds majority of the Member States present and voting;
 - f) approve and publish audited annual accounts;
 - g) approve the annual report presented by the Director-General;
 - h) decide on the staff establishment required;
 - i) adopt, by a two-thirds majority of all the Member States, Staff Rules;
 - j) decide on the establishment of groups and facilities of the Laboratory outside its Headquarters by a two-thirds majority of the Member States present and voting;
 - k) adopt its Rules of Procedure;
 - l) have such other powers and perform such other functions as may be necessary for the purposes of the Laboratory as laid down in this Agreement.
4. The Council may modify the programme referred to in paragraph (2) of Article II of this Agreement by a decision taken unanimously by the Member States present and voting.

Sessions

5. The Council shall meet at least once a year in ordinary session. It may also meet in extra ordinary session. The sessions shall be held at the Laboratory's Headquarters, unless otherwise decided by the Council.

Voting

6. a) i. Each Member State shall have one vote in the Council.
 ii. States which have signed but not yet ratified, accepted or approved this Agreement may be represented at the sessions of the Council and take part in its work, without the right to vote, for a period of two years after the coming into force of this Agreement in accordance with paragraph (4) a) of Article XV.
 iii. A Member State which is in arrears in the payment of its contributions shall have no vote at any Council session at which the Director-General states that the amount of its arrears equals or exceeds the amounts of the contributions due from it for the preceding two financial years.
- b) Except where otherwise stipulated in this Agreement, decisions of the Council shall be taken by a majority of the Member States present and voting.
- c) The presence of delegates of a majority of all Member States shall be necessary to constitute a quorum at any session of the Council.

Subordinate Bodies

7. a) The Council shall establish, by a decision taken by a two-thirds majority of all the Member States, a Scientific Advisory Committee, a Finance Committee and Such other subordinate bodies as may prove necessary.
- b) The decision establishing the Scientific Advisory Committee shall include provisions concerning the membership, its rotation and terms of reference of that Committee in accordance with Article VIII of this Agreement and shall determine the conditions of office of its members.
- c) The decision establishing the Finance Committee and other subordinate bodies shall include provisions concerning the membership and terms of reference of such bodies.
- d) Subordinate bodies shall adopt their own rules of procedure.

Article VII

Director-General and Staff

1. a) The Council shall appoint, by a two-thirds majority of all the Member States, a Director-General for a defined period of time and may by the same majority dismiss him.

- b) The Council may postpone the appointment of the Director-General for such a period as it considers necessary, on the occurrence of a subsequent vacancy. In this event it shall appoint a person to act in his stead, the person so appointed to have such powers and responsibilities as the Council may direct.
2. The Director-General shall be the chief executive officer and the legal representative of the Laboratory.
3. a) The Director-General shall present to the Council:
 - i. the draft indicative scheme referred to in paragraph (3) b) of Article VI of this Agreement;
 - ii. the budget and provisional estimate provided for in sub-paragraphs c) and d) of paragraph (3) of Article VI of this Agreement;
 - iii. the audited annual accounts and the annual report called for in sub-paragraphs f) and g) of paragraph (3) of Article VI of this Agreement.b) The Director-General shall transmit to EMBC for consideration the annual report approved by the Council in accordance with paragraph (3) g) of Article VI of this Agreement.
4. The Director-General shall be assisted by such scientific, technical, administrative and clerical staff as may be authorised by the Council.
5. The Director-General shall appoint and dismiss the staff. The Council shall approve the appointment and dismissal of the senior staff as that category is defined in the Staff Rules. Any appointment and its termination shall be in accordance with the Staff Rules. Any persons, not members of the staff, who are invited to work at the Laboratory, shall be subject to the authority of the Director-General and to such general conditions as may be approved by the Council.
6. Each Member State shall respect the exclusively international character of the responsibilities of the Director-General and the staff in regard to the Laboratory. In the discharge of their duties they shall neither seek nor receive instructions from any Member State or any government or other authority external to the Laboratory.

Article VIII

Scientific Advisory Committee

1. The Scientific Advisory Committee established in accordance with paragraph (7) of Article VI of this Agreement shall give advice to the Council, in particular with regard to proposals from the Director-General on the realisation of the programme of the Laboratory.
2. The Committee shall be composed of distinguished scientists appointed in their own right, not as representatives of Member States. Membership of the Committee should be drawn from scientists in a wide range of relevant fields of science in order to cover as far as possible both the field of molecular biology and other appropriate scientific disciplines. The Director-General shall, after due consultations with, in particular, the Council of EMBO and appropriate national institutions, propose to the Council a list of candidates which the Council shall take into account in appointing the members of the Committee.

Article IX

Budget

1. The financial year of the Laboratory shall run from 1 January to 31 December.
2. The Director-General shall, not later than 1 October of each year, submit to the Council for consideration and approval a budget showing detailed estimates of the income and expenditure of the Laboratory for the following financial year.
3. The Laboratory shall be financed by:
 - a) the financial contributions of Member States;
 - b) any gifts contributed by Member States in addition to their financial contributions, unless the Council, by a two-thirds majority of Member States present and voting, decides that any such gift is inconsistent with the purposes of the Laboratory, and
 - c) any other resources, in particular gifts offered by private organisations or individuals, subject to their acceptance by approval of the Council given by a two-thirds majority of Member States present and voting.

4. The budget of the Laboratory shall be expressed in accounting units representing a weight of 0.88867088 grammes of fine gold.

Article X

Contributions and Auditing

1. Each Member State shall contribute annually to the capital expenditure and to the current operating expenses of the Laboratory an aggregate amount of convertible funds in accordance with a scale which shall be fixed every three years by the Council by a two-thirds majority of all the Member States, and shall be based on the average net national income at factor cost of each Member State for the three latest preceding calendar years for which statistics are available.
2. The Council may decide, by a two-thirds majority of all the Member States, to take into account any special circumstances of a Member State and adjust its contribution accordingly. In applying this provision the term "special circumstances" shall include, in particular, a situation in which the per capita national income of a Member State is less than an amount which the Council shall fix by a two-thirds majority, or one by which any Member State is required to contribute more than thirty per cent of the aggregate amount of contributions assessed by the Council in accordance with the scale referred to in paragraph (1) of this Article.
3.
 - a) States which become Parties to this Agreement after the thirty-first of December following its entry into force shall make a special contribution towards the capital expenditure of the Laboratory already incurred, in addition to contributing to future capital expenditure and current operating expenses. The amount of this special contribution shall be fixed by the Council by a two-thirds majority of all Member States.
 - b) All contributions made in accordance with the provisions of sub-paragraph a) of this paragraph shall be applied in reducing the contributions of the other Member States unless otherwise decided by the Council by a two thirds majority of all Member States.
4. If, after this Agreement has entered into force, a State becomes or ceases to be a Party thereto, the scale of contributions referred to in paragraph (1) of this Article shall be modified. The new scale shall take effect as from the beginning of the financial year following.
5. The Director-General shall notify Member States of the amounts of their annual contributions and, in agreement with the Finance Committee, of the dates on which payments shall be made.
6. The Director-General shall keep an accurate account of all receipts and disbursements.
7. The Council shall appoint auditors to examine the accounts of the Laboratory. The auditors shall submit a report on the annual accounts to the Council.
8. The Director-General shall furnish the auditors with such information and help as they may require to carry out their duties.

Article XI

Legal Status

The Laboratory shall have legal personality. It shall in particular have the capacity to contract, to acquire and dispose of movable and immovable property and to institute legal proceedings. The State in which the Laboratory is situated shall conclude with the Laboratory a headquarters agreement, to be approved by the Council by a two-thirds majority of the votes of all the Member States, relating to the status of the Laboratory and such privileges and immunities of the Laboratory and its staff which are necessary for the fulfilment of its objectives and for the exercise of its functions.

Article XII

Settlement of disputes

Any dispute between two or more Member States concerning the interpretation or application of this Agreement which is not settled through the good offices of the Council shall be submitted, at the request of any party to the dispute, to the International Court of Justice, unless the Member States concerned agree on another mode of settlement within three months from the date on which the President of the Council states that the dispute cannot be settled through the good offices of the Council.

Article XIII
Amendments

1. A proposal by any Member State to amend this Agreement shall be placed on the agenda of the ordinary session of the Council which immediately follows the deposit of the proposal with the Director-General. Such a proposal may also be the object of an extraordinary session.
2. Any amendment to this Agreement shall require unanimous acceptance by the Member States. They shall notify their acceptance in writing to the Government of Switzerland.
3. Amendments shall come into force thirty days after the deposit of the last written notification of acceptance.

Article XIV
Dissolution

The Laboratory shall be dissolved if at any time there are less than three Member States. Subject to any agreement which may be made between Member States at the time of dissolution, the State in which the Laboratory's Headquarters are located shall be responsible for the liquidation. Except where otherwise decided by the Member States, the surplus shall be distributed among those States which are Members of the Laboratory at the time of the dissolution in proportion to all payments made by them. In the event of a deficit, this shall be met by the said Member States in the same proportions as those in which their contributions have been assessed for the current financial year.

Article XV
Signature, Ratification, Accession, Entry into force

1. This Agreement shall be open for signature by the State Members of EMBC until the date of its entry into force in accordance with paragraph (4) a) of this Article.
2. This Agreement shall be subject to ratification, acceptance or approval. The appropriate instruments shall be deposited with the Government of Switzerland.
3.
 - a) Any State Member of EMBC not a signatory to this Agreement may accede at any later time.
 - b) If the Agreement establishing EMBC terminates this shall not preclude a State, formerly party to it or in respect of which a decision has been taken under paragraph (2) of Article III of that Agreement to permit that State to accede to it, from acceding to the present Agreement.
 - c) The instruments of accession shall be deposited with the Government of Switzerland.
4.
 - a) This Agreement shall enter into force when ratified, accepted or approved by the majority of States mentioned in the Preamble to this Agreement, including the State in which the Laboratory's Headquarters are located, and on condition that the total contributions of these States represent at least seventy per cent of the total of contributions shown in the scale annexed to this Agreement.
 - b) After this Agreement enters into force as provided in paragraph (4) a) of this Article, it shall, as regards any signatory State subsequently ratifying, accepting or approving the Agreement, come into force on the date on ratification, acceptance or approval is deposited.
 - c) For any acceding State this Agreement shall come into force on the date of deposit of its instrument of accession.
 - d)
 - i. This Agreement shall initially remain in force for a period of seven years. Thereafter it shall remain in force for an indefinite period unless the Council, not later than one year before the expiry of the seven year period, by a two-thirds majority of all the Member States provided the contributions of such Member States constitute not less than two-thirds of the total contributions to the Laboratory budget, decides to prolong this Agreement for a specific period or to terminate it.
 - ii. Termination of the Agreement establishing EMBC shall not affect the validity of this Agreement.

Article XVI

Denunciation

1. After this Agreement has been in force for six years, a State Party to the Agreement may, subject to the provisions of paragraph (3) b) of Article VI of this Agreement denounce it by giving notification to that effect to the Government of Switzerland. Such denunciation shall take effect at the end of the following financial year.
2. If a Member State fails to fulfil its obligations under this Agreement, it may be deprived of its membership decision of the Council taken by a majority of two-thirds of all the Member States. Such decision shall be notified to signatory and acceding States by the Director-General.

Article XVII

Notifications and Registration

1. The Government of Switzerland shall notify signatory and acceding States of:
 - a) all signatures;
 - b) the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
 - c) the entry into force of this Agreement;
 - d) all written acceptances of amendments notified under paragraph (3) of Article XIII of this Agreement;
 - e) the entry into force of any amendment;
 - f) any denunciation of this Agreement.
2. The Government of Switzerland shall, upon entry into force of this Agreement, register it with the Secretariat of the United Nations in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article XVIII

Transitional Provisions

1. For the period from the entry into force of this Agreement to 31 December following, the Council shall make budgetary arrangements and expenditure shall be covered by assessments upon Member States established in accordance with the following two paragraphs.
2. States Parties to this Agreement upon its coming into force, and States which may become parties up to 31 December following, shall together bear the whole of the expenditure foreseen in the budgetary arrangements which the Council may adopt in accordance with paragraph (1) of this Article.
3. The assessments upon States covered by paragraph (2) of this Article shall be established on a provisional basis according to the need and in conformity with paragraphs (1) and (2) of Article X of this Agreement. On the expiry of the period indicated in paragraph (1) of this Article a definitive sharing of costs as between these States shall be effected on the basis of actual expenditures. Any excess payment by a State, over and above its definitive share as thus established, shall be placed to its credit.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned plenipotentiaries having been duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Geneva, this 10 May 1973, in the English, French and German languages, the three texts being equally authoritative, in a single original which shall be deposited in the archives of the Government of Switzerland which shall transmit certified copies to all signatory and acceding States.

ANNEX
to the Agreement establishing the European Molecular Biology Laboratory

Scale of Contributions calculated on the basis of average national incomes, 1968 - 1970, as published by the United Nations

The scale is given here solely for the specific purposes of paragraph (4) a) of Article XV of this Agreement. It in no way prejudices the decisions which the Council will have to take under paragraph (1) of Article X on the future scales of contributions.

	%
Austria	2.063
Denmark	2.282
France	22.585
Federal Republic of Germany	25.926
Israel	0.804
Italy	14.572
Netherlands	4.916
Sweden	5.039
Switzerland	3.305
United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	<u>18.508</u>
	100.000